| | | |
|---|---|---|
| Kemur út, þá rit-<br>nefnd hefir borist<br>minnst 3 pappírsarkir.<br>Eigi minni en<br>5 ark. pappírs<br>arkir að stærð. | Sveitarblaðið | Uppsögn, skrif-<br>leg, bundin við ára-<br>mót. Ógild nema<br>komin sé til ritn.<br>fyrir 25 apríl. |

# Fjallfari

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7. árg. | 1. Hefti | 1. Blað | No 1. |

Steini mánud. 3 desemb. 1906.

## Ritnefnd.


Sigurður Á. Björnsson
Sigurjón Jónasson
Einar Gíslason

# Stuna

Þungt eg andvarpa og styn, nálgast örlagastund
þó að aldur minn sé ekki hár
á finn eg það glöggt að eg geng hinstu spor
ef eg get nokkuð farið í ár

ít eg höfuð mitt lagt þegar leið sumartíð
og leggjast fór veturinn að
ví eg ól mér þá von eins og eðli mitt var
að eg upprisinn kæmist á stað

nginn rétti mér arm svo eg örmagna hné
aptur í bólið á ný
og uppdráttarsýki mitt avellur um líf
og sízt er von batans úr því
Nú er fokið í skjól, nú er fallið mitt traust
enginn fund mínum gýmist að ná
veit ei hvort þenna skal veikindum mín
þessi vorbyggði er reyna eg má

En eitt er sem veit eg, að engum finnst nú
eg sé aufúsugestur í bæ
eg veit ei hvort gengur mér fylgdin að fá
yfir frón þakið helköldum snæ

Þó vík eg á ekað þá að von mín sé dauf
um þær viðtökur fornvinum hjá
að kveðja ykkur vini í síðasta sinn
því að sést mun og heilsuna

En ef svo skyldi fara það sendi nú ráð
til að setja í mig lífið á ný
og greiða mína för og mér gestrisni hjá
þá glaður og feginn við því

„Fjallfari"

S. J.

# Til lesenda Fjallfara.

Heiðruðu félagsbr. og lesendur Fjallfara!

Enn þá einusinni hefur Fjallfari litli göngu sína; en þá einusinni á hann eptir að heimsækja sérhvern af vinum sínum, og berja á dyr þeirra og sjálfsagt að vera velkominn til inngöngu, og efast ekkert um að í té verði látinn gisting og góður beini, aptur mun hann reyna af megni að skemmta heimamönnum og fræða einkum langar hann mjög til þess að gjöra unglingana að frekari kunningjum en hingað til hefir verið. Enn þá einusinni óskar Fjallf. öllum sínum til lukku og velgengis á komandi vetri; hann óskar þess af heilum hug að hann [illegible]

sérhvern af vinum sínum gladan
og heilbrigdan hvenær sem hann
kann ad bera ad gardi þeirra, Óskar
þess af heilum hug ad hvert heimili
megi vera samkalladur bústadur
fridar og farsældar. Enn fremur óskar
hann ad framtakssemi, fyrirhyggja
og dugnadur, sem leidi til almennar
farsældar og velmegunar lýsi sér á
hverju heimili, eigi einungis á
heimilinu sjálfu heldur og út á vid, í
fyrirtækjum og framkvæmdum,
er leidi til almennra heilla og hagsmuna. Seinast en eigi síst óskar
Fjalfari, ad hver og einn af vinum
sínum, láti sér umhugad um, ad
greida götu sína á komandi vetri;
reyni til ad finna einhverjar leidir
sem midi til ad auka og glæda áhuga

ungra og gamla bladinu til framþrá-
unar og sé staklega leyfi Fjalf. sé
ad beina þeim til hinnar kjörnu
ritnefndar. Ad hún sé staklega, hafi
til medferdar og hreyfi þeim málum
sem, geta leitt til þess ad verda lesendunum hug~~men~~ og sé staklega
leidi til þess, ad menn fái (einkum
ungl.) löngun til ad skrifa í bladid.

Fjalfari ætlar stuttlega ad víkja
ad því, lesendum sínum til athugunar,
ad á næsta vori var gjörd sú breyting á lög-
bladsins, ad nú er enginn skildugur
ad skrifa í bladid. Þó ekki eins hann
sjálfur hefir löngun til, en hver og
einn er nú sjálfrádur, ad hve mikl
leiti hann af frjálsum vilja ~~hann~~
vill leggja bladinu til. Ef athugad er, hve
mikill munur er á skildu og frjáls

ráði þá virðist þetta geta haft tvöfalda þýðingu. Það, að vera skuldbundinn til að framkvæma einhvern hlut, vinna eitthvert skylduverk, sem manni er máske ógjöft að vinna, er allt af þvingandi, og sem eðlilegt er eru margir ófúsir á að vinna ~~þess~~ slík verk, og reyna til á allar lundir að hliðra sér hjá þeim.

Ef eigi er unnt að koma sér hjá þessum skyldum verða menn að inna það af hendi hvort sem manni fellur ljúft eða leitt, og máske hvernig sem hann er fyrirkallaður; að inna ~~það~~ verkið af hendi sem menn hafa enga löngun til er ómögulegt að geti verið, eins vel af hendi leyst, sem það verk, sem ~~menn~~ gjöra af frjálsum vilja og löngun til að láta vera svo vel af hendi leyst, sem vitsmuni og kringumstæður leyfa.

þetta atriði vonast Fjallf. til, að leiði til þess, að menn verði ljúfari á að skrifa í blaðið framvegis, að mönnum þyki* betra að vinna af frjálsum og frj-um vilja, en að vera þvingaðir, nauðbeygðir, skyldugir, til.

Hann ber það traust til þeirra manna, sem stofnsettu, og hafa haldið honum við á þenna dag, að þeir láti ásannast í verkinu, að sá hugsunarháttur sé ríkjandi meðal þeirra, að þeir finni glögglega hversu mikill munur er á þvingun og frjálsræði.

N. N.

## Unglingarnir eiga að rita í Fjallfara

Mér hefir dottið í hug, að fara

nakkrum orðum um þetta efni, mig minnir að því hafi ekki verið hreyft hér í blaðinu sérstaklega. Ungir og gamlir hafa mörgum sinnum verið hvattir til að reyna sig að skrifa og láta skoðanir sýnar í ljósi í Fjallfara, og hefir slíkt tekist, að ég kalla mjög vel, eptir öllum atvikum, að dæma; og tel því að blaðið hafi náð tilgangi sínum, að mestu leiti hvað því viðvíkur.

Það munu fleistir fullorðnir hafa skrifað meira og minna, og þegar litið er til alls Fjallfara í heild sinni (allra árganganna) þá er það ekki lítið samæ-rædis verk, þá sezt glögglega, að einhvern tíma hefir blaðfélagið gripið penna sér í hönd.

Það er því í raun og veru alveg rangt að álasa félaginu fyrir aðgjörða-leisi; deifð og hugsunar skort í því efni.

En þetta skrifa eg ~~ekki~~ alls eigi í þeim tilgangi, að ég álasi mönnum fyrir það, þó þeir riti greinar, sem geta verið uppörfandi; því það er nauðsynlegt, að menn verki örvandi og hvetjandi hver á annan, til að framkvæma það verk, sem máski er af öllum að heimta af þeim mönnum, sem bundnir eiði í engnogum orðum skarpa.

Hvað þessu viðvíkur, þá hefir frá minni sjónarmiði blaðinu verið prýðilega viðhaldið, allt til þessa * og hefi maður enga ástæðu til að ætla að slíkt verði eigi eins eptirleiðis.

* Fullorðna fólkið hefir að mestu leiti ritað blaðið frá byrjun, en nú er eptir að ná því takmarki, að gjöra blaðið að nakkru leiti að unglinga blaði.

* Fullorðið fólk kalla eg þá sem eru yfir 18 ára.

annad ~~en~~ sagt meining mína um þad eins og mér fynnst þad vera og mér býr í hugra, og þessu ætti ad breita til ad mér finnst. Þad er hægt ad skrifa ágætar ritgerdir og frásagnir þó þær séu, sem eigi kallad er frædandi eda vísindalegar, í sjálfu sér getur ritg. þó eigi sé frædandi ad efni verid skemmtileg, og verid alveg ~~ein~~ hvor komin gestur og hin, og jafnt má læra þá list, ad stíla vel og segja vel frá, og þad er einmitt þad sem bladid á ad stuðla ad, ásamt því, ad glæda hugsunarháttinn og fjörga.

Ritgjörd, sem ad efni til er skamske mesta rugl getur haft miklu betri áhrif, en hin, sem hægt er ad segja um ad sé töluvert frædleg, ef hún fjallar um þad, er menn geta haft verulegt gaman af (hlægidad) og er samilega ordud. Þad er hægt ad segja ad þad sé töluverdur vandi ad semja þannig lagadar gr. en hægra ætti þad ad vera lítt mentudum mönnum en ad semja frædandi pistla.

Eg er ordin nokkud ordmargur um þetta og kem eg nú loks ad því sem eg ætladi mér ad skrifa um.

Í tilefni af ritgjörd sem hér birtist í bladinu, eftir Sigurlínu Gísladóttir, skrifa eg þessar línur. Því mér datt einmitt í hug, þegar eg sá fyrirsögnina á ritgjörd hennar, ad med þessu móti væri hægt, eda hugsanlegt ad fá unglingana til ad skrifa í bladid. Eg hefi hugsad um þetta efni ádur en mér gat ekki dottid í hug <u>sendibréf</u> líklega fyrir þad, ad eg hefi eigi séd sendibréf til

Fjallfara ~~til~~ fyr. Þetta er þurráðið sem mjer datt í hug ad verda mætti til þess ad unglingarnir færu ad skrifa í bladid, ad þeir skrifudu hvort ödru sendibrjef, audvitad fyrst í stad med hjálp fullorðna fólksins. Mjer hefir hugkvæmst ad þeir væru látnir skrifa einhverjum kunningja sínum, um þad efni er þeim best líkadi; og þeim fyndist ad þeir helst hafa til ad skrifa um, og svo væri lagad og fært í stýlinn fyrir þá, en þess þó ad breyta aldrei hugsun eda efni. Mjer finnst þetta vera góð byrjun fyrir unglinga, ad þeir setti saman fáein ord í sendib. til kunningja sína. Helst ættu þeir sjálfir ad skrifa brjefin, þad er ad segja þau ættu ad vera med þeirra eigin hendi í bladinu, þad gæti verid hvöt fyrir þá til þess ad vanda sig ad skrifa. Vill enginn reyna!

Fjallfari ber brjefin med ánægju.

Einar [illegible]

# Sendibrjef til Fjallfara.

30. nóv.

Gódi gamli kunningi!

Madur er farinn ad verda lang-eygdur ad horfa til ferda þinna. Því eptir gömlum vanda þá á madur á hverri stundu von á ad þú berjir ad dyrum og bidjist gistingar, úr því sjálfur karl er kominn á hvíta stakknum, því eins og menn vita, ert þú vanur ad halda á eptir honum, en sjaldan á undan, og eins oft þú kemur ad Gósbístu þykir hún halto-ari augum þínum en sólarljós! En er jeg hef verid ad hugsa um hvad mundi hefta ferdir þínar nú, þá hefur mjer helst dottid

í hug að vera mundi skortur á vegarnesti, því það veit jeg að skeði vantar þig ekki þau eru húsbændurnir víst skyldir að leggja þjer til eins og hverjum öðrum vinnumanni. — Og sökum þessað jeg er víst í þeirra hóp sem á að einhverjuleiti að nesta þig, þá má jeg til með að senda þjer þennann ljelega bita, ef ske kynni að þú gætir notað þjer hann, verst þykir mjer ef svangurinn á þjer er svo stór að þessi biti frá mjer segir ekkert, og því verður jafn ferða-ófær, eptir sem áður. En jeg vildi nú heldur senda þjer bita optar, og ekki mikið í einu, enda þó ekki af ríkt af forð-ri sem þjer geti að notum komið

Nú er þá veturinn byrjaður fyrir nokkru. Veturinn, sem aðallega á að færa andlega lífinu gróða, eins og vorið og sumarið líkamlega lífinu. En því er nú ver og miður, að á mörgum stöðum verður allt of lítið úr því að veturinn hlynni að því að andlega lífið megi auðgast þroskast og safna forða, menn hafa veturinn til að vinna þessi óhjákvæmilegu störf og um það er nú ekkert að segja, það er hlutur sem sjálfsagður er, ekki verja hinir honum meir til gagns, sem ekkert hafa að starfa, þeir skemmta sjer, en leiðist þó alltaf. Bezt og skemmtilegast verður vetrartímanum varið með nauðsinlegri vinnu, sem gefur þó tíma til dálitilla

frístunda sem hægt er að
verja sjálfum sjer og öðrum til
skemmtunar og gagns.
Það var gamallt og góður siður
hjer í sveitum, að einn lesi
hátt fyrir alla á kvöldvökum,
og þegar út á kom á einhverja stund
á daginn, og var það góður siður
og átti ekki að leggjast niður,
því þó ekki hafi nú alltaf
verið hægt að lesa til gagns eða
fróðleiks, þá var það líka opt
og ekki síður til skemmtunar
og í það er ekki svo lítið varið.
Hvað innan gengur vel og jafnt
hjá þeim sem vilja við vinna
Jeg man það þegar jeg var svo
lítill stelpuhnokki og Sigurbjörn
bróðir var að lesa, áður en jeg sjálf
las nú svo vel að jeg gæti lesið hátt,

hvað jeg var miklu iðnari og viljug-
ri að tæja og kemba og þessháttar,
þegar verið var að lesa sögur sem
jeg hafði gaman af. Og svo er það
enn, mjer finst helmingi munur
að því hvað fljótt gengur verkið,
ef einhver er að lesa hátt, og
svo veit jeg fleiri eru. Þetta
er líka „barnsvani" fyrir mjer,
með að unna kvöld lestri, því
frá því fyrsta að jeg man til þá
~~las~~ æfinlega einhver hátt á kvöldin ef eitt-
hvað fjekkst til að lesa, sem opt-
ast er fyrir þá sem vilja lesa,
enda margar bækur sem lesa má
vetur eptir vetur og ~~k~~ hefur mað-
ur þó alltaf gaman af að heyra
þær, eins og t.d. Íslendinga og ~~nor~~
rænu sögurnar. Enda man jeg
það alltaf þegar í harðbakka slær

fá nýtt þá fór eitthvað af akk-
ur „fram í skáp“, að sækja Eiglu
gömlu eða einhverja gamla góð-
kunnuga aðra, heldur en hafa
ekkert.

Jeg held það sje mjög lítið inn-
tap í því á bæjum þó lesið
sje hátt á kvöldum, altjend stund-
um, því opt er það nú að sá mað-
ur sem lesið hefði getað sjer og öðr-
um til skemtunar og gagns, hann
sefur kannske helming kvöldvök-
unnar eða alla. Og svo má líka
víða nota krakka til að lesa, sem
annars eru liðljett til innivinnu,
og sjálf hafa mjög mikið gagn af
að lesa hátt, fer fram bæði með
einurð og lestur, ef þeim er skyn-
samlega leiðbeint, með framburð
og lestrar reglur.

Jeg get vel hugsað mjer heimili
þar sem enginn þykist komast
til að lesa hátt. Nú þá kemst
að sjálfsögðu heldur enginn til
að lesa lágt með sjálfum sjer á því
heimili, því ekki er það mjög
mikið lengur, sem maður er að
lesa bókina hátt, þó það sje að
vitanlega ögn. En verður þetta
ekki tilfellið komi ný bók heim
á þetta heimili þá lesa hana
1 2-4 með sjálfum sjer, og hvað
hefur þá sparast af tíma að
mjer skylst, verið eytt að óþörfu
1-5 klukkutímum, af 2-4, og kann-
ske miklu lengri tíma en 15 kl.t.
ef bókin er löng. Og svo eru nú til
þau heimili þar sem bara 1 t.d.
bóndinn kemst til að líta ögn
í bók, en konan getur kannske

aldrei lítið í bók eða blað og lang-
ar þó ef til vill til þess engu að síð-
ur en bóndan. Væri þá ekki ~~st~~
skemmtilegra ef að bóndinn læsi,
það sem hann annars kemst til
að lesa, hátt svo bæði hefðu gagn
af því, heldur en fyrir konuna
að sjá hann vera að lesa bókina,
sem hana dauðlangar til að heyra
líka. Jeg þekki dæmi til þessa,
og get ekki hugsað mjer verra fyrir
mitt leiti, ef jeg ætti að hafa það að
vera þannig kona. Jeg hefði ekki
með það að gjöra, enda liði aldrei vel.
Jeja Fjallfari minn lítið er nú
bjefs efnið, en okkur langar bæði
til að það gæti aukist heimilisglað-
værð og ánægja á öllum heimilum.
Alstaðar er of lítið af þeirri góðu
vöru ~~f~~ hvergi og mikið, því við sjáum

að mjög mikið er undir því
komið að heimilin sje sem
glaðværust og ánægulegust.
Það eru meiri líkindi til að
unglingar nir uni sjer heima
á þeim heimilum þar sem
ánægja friður og glaðværð ríkja, en
á hinum sem hafa nóg af því
gagnstæða, full eru af fýlu óánægju
úlfúð og leiðindum, eða þá þar
á milli hvorki dimm nje björt
sem líkust þoku drunga. Þá eru
hollari finst mjer skyn og skúrir.
En það er nú reyndar ekki að
marka það mikið Fjallfari litli,
hvað mjer finst enda veit jeg að
það fer nú ýmsum annað eyrað
og útum hitt, ~~en~~ það sem jeg segi
við þig, mjer til gamans, eða þá
kannske eins aðra mikla ætlegri

leið, fyrst það er nesti, þá er
það náttúrlega étið og melt
eins og lög gera ráð fyrir og þá
sjást þá það sem þjes eff nútan-
legt til viðurhals, og svo vita
allir hvað af hinu verður, það
fer til að rækta jörðina, allt
hefur sitt ákveðna starf, sitt eins, þó
andvirðilegt virðist eins og hitt
sem í fljótubragði, eitt sýnist
gjöra gagn og til þarfa koma.
Jæja jeg held jeg fari þá að kveð-
ja þig og óska jeg af heilum hug
öllum kunningjum okkar
beggja góðs og gleðilegs vetrar, og
gleðilegra og blessunarríkra jóla,
blessunarríkra í orðsins víðtæk-
ustu merkingu, hann einn hjá
hverjum sama blessunn og sama
gleði er að finna, hann láti ykkur

finna byrtuna og ylinn af kær-
leikanum sínum, inni í hjört-
unum ykkar sjálfra. Guð gefi
að svo megi verða um þessi
jól, sem bráðum koma, því það
er ekki víst að við höldum
önnur jól hjer á jörðinni, en
þau, ef við nú annars verð-
um þá hjer. En ef ekki hjer
hvar þá? Veistu það með
vissri von? Áttu hana lífs-
ins vonina? Þetta langaði
mig að segja við ykkur alla
í endirinn á brjefinu, sem
jeg bið ykkur kæru kunn-
ingjar að fyrirgefa, það er skrif-
að eins og hvert annað sendi-
brjef, um það sem flýgur í
huga minn og nú er mið
nótt svo nóg er nudi fyrir

ýmislegar sundurleitar hugsanir, að reka hverjar aðra.

Jæja jeg vona að þið fyrirgefið efnisleysið og sundrungina, og segi svo guð gefi ykkur góða nótt.

Nú fer jeg að sofa!

Sigurlína Ág. Gísladóttir